



SKOÐUN Ég felli mig ekki við að vera kallaður fasisti, segir Þorsteinn Sæmundsson, þingmaður Framsóknar. **15**



MENNING Tinna Empera Arlédóttir var yfirföðunarmeistari hjá Maríu Ke Fisher á tiskuvikunni í New York. **30**



SPORT Arsenal kom fram hefndum gegn Liverpool í ensku bikarkeppninni í gær. **24**

LANDMARK

FASTEIGNASALA

Sími 512 4900 landmark.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

17. febrúar 2014
40. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Lokuð gata lokkar

Fleiri koma á Laugavegin þegar lokað er fyrir bílaumferð á sumrin. Samtök kaupmanna eru mjög á móti lokun götunnar. **4**

Minna brunatjón Mann- og eignatjón af völdum eldsvoða er minna hér á landi en annars staðar á Norðurlöndum. Einn lét lífið í eldsvoða í fyrra og tryggingarfélag bættu eignatjón fyrir 1,3 milljarða króna. **8**

Brestir í stjórnarsamstarfi Mál þýska þingmannsins Sebastians Edathy, sem grunaður er um að hafa haft barnaklám í fórum sínum, hefur skapað vantraust á milli flokka þýsku samsteyptjórnarinnar. Einn ráðherra hefur þegar sagt af sér. **8**

Ráðherra segir skort á stefnu bitna á ungmennum í vanda

Skortur á skipulagi í málum unglinga sem stríða við fíknivanda eða geðræn vandamál ýtir undir að stofnanir og stjórnsýsla kasti ábyrgð á milli sín og bitnar á einstaklingunum, segir Eygló Harðardóttir félagsmálaráðherra.

FÉLAGSMÁL „Það er samfélaginu dýrkeypt að spara í þessum málum,“ segir Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra, um málefni ungmenna sem glíma við geðræn vandamál eða vanda vegna fíkniefnaneyslu.

Eygló segir að koma þurfi í veg fyrir að einstaklingar verði háðir félags- og heilbrigðiskerfinu fyrir lífstíð eins og kostur er. Hún segir málaflökkinn flókinn og flækjustig stofnanakerfisins allt of hátt enda varði málaflökkurinn verkefna- svið fjögurra ráðherra auk sveit-

arfélaganna. „Núverandi skipulag, eða skipulagsskortur, ýtir undir að stofnanir og stjórnsýsla kasti ábyrgð á milli sín og einstaklingarnir gjalda fyrir,“ segir ráðherra.

„Þessu til viðbótar annast einka aðilar og félagsamtök rekstur ýmissa úrræða. Ríkið veitir þeim rekstrarfé án þess að fyrir liggi nákvæmlega hvað eigi að felast í þjónustunni, hver sé kaupandi og hver beri ábyrgð á eftirliti. Ég er ekki að gagnrýna starfsemi þessara samtaka og einkaaðila, heldur miklu frekar slælega stjórnun hins opin-

bera og skort á heildarsýn,“ segir Eygló sem kveður sárvanta skýra heildarstefnu í þessum málum sem tryggi einfaldara og aðgengilegra þjónustukerfi og samfellda þjónustu við þá sem þurfa hennar með.


„Það er nauðsynlegt og skylt að auka fjárframlög til þessara mála,“ segir Eygló sem kveður næsta verkefni að skoða hvernig best megi nýta þá fjármuni sem séu fyrir hendi í kerfinu og jafnframt greina hvar helst þurfi aukna fjármuni. „Á grundvelli þess mun ég beita mér í fjárlagavinnu næsta árs til að sækja

„Ég er ekki að gagnrýna starfsemi þessara samtaka og einkaaðila, heldur miklu frekar slælega stjórnun hins opinbera og skort á heildarsýn.“

Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra

aukið fé í þennan málaflökk til verkefna þar sem þörfin er brýnust.“

- ebg / sjá síðu 12.



Bolungarvík	-3°	ASA	5
Akureyri	-4°	ASA	2
Egilsstaðir	-4	NNV	2
Kirkjubæjarkl.	-2°	ANA	4
Reykjavík	-3°	ASA	6

Bjartviðri víða um land og fremur hægur vindur en lítils háttar el og strekkingur við austurströndina. Frost 0 til 12 stig. **4**

2 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Fólk



STUÐ Í STANGARHYL Félag eldri borgara í Reykjavík stendur fyrir dansleikjum öll sunnudagskvöld í félagsheimili sínu við Stangarhyl 2 í Árbæ. „Þetta er alltaf mjög vel sótt, um 100 manns,“ segir Dagmar Bragadóttir, ritari félagsins. Hljómsveitin Klassík leikur tónlist og helst ber á gömlu dönsunum og samkvæmisdans. „Þetta er mjög skemmtilegt,“ segir Dagmar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Spennivirki opnar tækifæri: Mörg félög vilja á Grundartanga

ÍDNAÐUR Nýtt spennivirki Landsnets á Grundartanga eykur líkur á að fyrirtækjum á svæðinu fjölgi. Þetta segir Gísli Gíslason, hafnarstjóri Faxaflóahafna, sem að undanförunu hafa fengið þó nokkrar fyrirsprurnir um lóðir á svæðinu. Bandaríska fyrirtækið Silicon Materials er meðal þeirra sem óska eftir lóð og ætlar hana undir sólar kísilverksmiðju.



GÍSLI GÍSLASON

„Það mál er lengra komið en önnur sem eru annaðhvort í biðstöðu eða á frumstigi. Þar er um að ræða bæði innlenda og erlenda aðila sem vilja annaðhvort hefja sína eigin framleiðslu eða veita fyrirtækjum á svæðinu þjónustu. Ég á alveg eins von á því að áhugi fyrir svæðinu eigi eftir að aukast enn frekar með hækkandi sól og batnandi efnahagsástandi,“ segir Gísli Gíslason. - hg / sjá síðu 6

Hópur kom saman fyrir framan fangelsið þar sem Hjördís Svan er í haldi: Aðstæðum Hjördísar mótmælt

DÓMSMÁL Mótmæli fóru fram í gær fyrir framan fangelsið í Horsens í Danmörku þar sem Hjördís Svan Aðalheiðardóttir er í haldi. Boðað var til mótmælanna á danski Facebook-síðu. Hjördís fór með dætur sínar með leynd til Íslands síðastliðið sumar, í andstöðu við úrskurð danskra dómstóla sem höfðu dæmt barnsföður hennar forræði. Hún var úrskurduð í fjögurra vikna gæsluvarðhald þann 12. febrúar síðastliðinn. Þá hafði henni þegar verið haldið af danski lögreglu í tvo daga án þess að nokkur fengi að heimsækja eða tala við hana, ekki einu sinni lögmaður hennar. Á áður nefndri Facebook-síðu er þetta kallað gróft mannréttindabrot. „Við vorum um tuttugu sem mættum og vildum sýna Hjördísi samúð okkar,“ segir Laila Smillas Egensberg, ein þeirra sem stóðu fyrir mótmælunum. Hún segir viðstadda hafa fengið að vera fyrir framan fangelsið í um tuttugu mínútur, syngja lög og færa lögreglu skilaboð til Hjördísar. Hún segir skammarlegt að íslensk stjórnvöld hafi framselt Hjördísi og börn hennar til Danmerkur.



SÝNA SAMÚÐ Tveir mótmælenda fyrir framan fangelsið í Horsens í gær. MYND/LAILA SMILLAS EGENSEBERG

„Mér finnst þetta mjög sorgleg staða fyrir Ísland,“ segir Laila. „Þetta er svo ósanngjarnt gagnvart börnunum að ég á engin orð.“ Laila segir að til standi að gera meira á næstunni til að sýna Hjördísi stuðning. - bá

Paratabs®

Actavis

Sushi allan sólarhringinn!

OPIÐ 24 TÍMA

Iceland

SPURNING DAGSINS



Ólafur, munu þær hverfa eftir andartak?

„Ekki ef borgaryfirvöld hafa þá andagift sem til þarf.“

Þrjár andategundir munu að öllu óbreyttu hverfa af Reykjavíkurtjórn innan fárra ára. Ólafur K. Nielsen vistræðingur vann skýrslu um málið fyrir borgaryfirvöld.

Kafarar telja gestagjöld á Þingvöllum ekki lögmæt og hafa sent kvörtun til umboðsmanns Alþingis:

Kæra gjaldtöku við Silfru á Þingvöllum

STJÓRNSÝSLA Kafarar hafa kært gjaldtöku vegna köfunar í Silfru til umboðsmanns Alþingis og Samkeppniseftirlitsins. Telja kafararnir að reglur um gestagjöld á Þingvöllum standist ekki lög og að Þingvallanefnd veiti köfurum ekki sérstaka þjónustu fram yfir aðra gesti þjóðgarðsins.


Sigrún Magnúsdóttir, formaður Þingvallanefndar, telur gjaldtökuna eðlilega miðað við þann kostnað sem lagður hafi verið í aðstöðu á svæðinu.

„Það er búið að búa til aðstöðu fyrir kafarana, byggja skúr og lagfæra í kringum Silfru þar sem farið var að sjá á gróðri. Eg stend alveg á

því að það sé eðlilegt að taka þarna gjald því þarna er verið að leyfa viðbótarstarfsemi innan þjóðgarðsins,“ segir Sigrún.

Þessu er Torfi Yngvason, einn eigenda Artic Adventures sem er einn þeirra þjónustuaðila sem bjóða upp á köfun í Silfru, ósammála. Hann segir ferðaþjónustuaðila við Silfru þá einu sem greiði gjald fyrir aðstöðu í þjóðgarðinum.

„Þeir sem fara gangandi eða ríðandi um þjóðgarðinn þurfa ekkert að greiða fyrir að koma þangað. Það þarf ekkert að segja mér að það sé meiri átroðningur af þeim sem kafa í Silfru en almennt af öðrum gestum. Þetta er náttúrulega rakið rugl og bull,“ segir Torfi.



ÞINGVELLIR Silfra er afar vinsæll viðkomustaður fyrir ferðamenn sem vilja snorkla.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



MÓTMÆLENDUR STANDA VÖRD Vígalegir mótmælendur vörðu ráðhúsið gegn öðrum mótmælendum, sem vildu fara aftur inn.

NORDICPHOTOS/AFP

Mótmælendur gengu út úr ráðhúsinu í Kænugarði:

Fjöldi mótmælenda bíður átektu

ÚKRAÍNA, AP Í gærmorgun tóku mótmælendur að streyma út úr ráðhúsinu í Kænugarði, sem þeir hafa haft á valdi sínum vikum saman. Stjórnvöld héttu öllum mótmælendum sakaruppjöf ef þeir verða búnir að yfirgefa allar stjórnarbyggingar í borginni í dag.

Mótmælendur krefjast þess þó enn að Viktor Janúkovítsj forseti segi af sér. Einn af leiðtogum mótmælenda, Arsení Jatsenjúk, hafnaði í gær eina ferðina enn boði frá forsetanum um sæti í ríkisstjórn landsins.

„Mig er ekki hægt að kaupa með embættum, herra forseti,“ sagði Jatsenjúk þegar hann ávarpaði tugi þúsunda mótmælenda í gær. „Haltu bara áfram og keyptu þér skósveina.“

-gb

Olían á Jan Mayen-svæðinu:

Gæti þurrkað út skuldir Íslands

VIÐSKIPTI Norska Dagbladet segir olíu á Dreka svæðinu geta gert Íslendinga skuldlaus og gott betur.

Dagbladet reiknast til, út frá mati Eykon Energy og Ólífustofnunar Noregs, að olía á norsk-íslenska Jan Mayen-svæðinu sé um 125 þúsund milljarða íslenskra króna virði. Sú upphæð nemur 220-földum fjárlögum íslenska ríkisins.

Umfjöllunin hefur vakið talsverða athygli og vitnuðu netmiðlar á Grænlandi og í Færeyjum í hana.

-kmu

Pingflokksformaður Pírata:

Ætlar að hætta

STJÓRN MÁL Birgitta Jónsdóttir, kapteinn Pírata, segist munu hætta á þingi eftir kjörtímabilið.



BIRGITTA JÓNSDÓTTIR

„Ég er á mínu síðasta kjörtímabili,“ sagði Birgitta í viðtali við Mikael Torfason í þættinum Mín skoðun á Stöð 2 í gær. Birgitta var einn þriggja þingmanna sem kjörnir voru á þing fyrir Borgarahlífinguna, síðar Hreyfinguna, árið 2009. Birgitta stóð að stofnun Pírata og var kosin á þing fyrir þá.

-jme

Skilur ekki að ríkið selur tollkvótana

Forsætisráðherra segir að Hagar hafi næga tollkvóta til að flytja inn ost úr hvaða dýri sem er. Forstjóri Haga segir að ráðherrann skorti upplýsingar, hann átti sig ekki á því að kaup á tollkvótum jafngildi ofurtollum. Málið er enn í biðstöðu.

NEYTENDUR „Forsætisráðherra skortir upplýsingar um málið. Hann áttar sig ekki á því að ríkið er að selja tollkvóta,“ segir Finnur Árnason, forstjóri Haga.

Í byrjun febrúar sendi verslunarfyrtækið Hagar atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu bréf þar sem sótt var um leyfi til að flytja inn geita-, ær- og buffalaost án innflutningstolla. Hagar sögðu innlenda framleiðslu nær enga og anna því ekki eftirspurn.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra sagði í Sunnudagsmorgni, þætti Gísla Marteins Baldurssonar, á RÚV í gær að Hagar hefðu næga tollkvóta til að flytja inn osta úr hvaða dýri sem þeir vildu. „Þeir hefðu ekki einu sinni þurft að sækja um þetta. Ég hugsa að menn hljóti að benda þeim á að þeir hafi nægan kvóta til að flytja inn ost úr hverju sem er, sagði ráðherrann.

Finnur segir að framleiðendur hafi keypt þessa tollkvóta. Það sé lítið magn af tollkvótum í boði, þeir séu boðnir upp og það þurfi að borga fyrir þá. „Þetta jafngildir ofurtollum,“ segir hann.

Forsætisráðherra gerði því skóna að beiðni Haga væri vegna þess að fyrirtækið vildi brjóta kerfið á bak aftur. Hann sagði jafnframt að til stæði að einfalda tollakerfið. „Það verður gert. Hins vegar væri mjög óæskilegt að það leiddi til veikingar á stöðu innlendra framleiðenda gagnavart erlendum,“ sagði Sigmundur.

Ráðgjafarnefnd um inn- og útflutning landbúnaðarvara hefur umsókn Haga um innflutning á ostunum til umfjöllunar en tvær vikur



SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON Forsætisráðherra segir að tollar verði einfaldaðir án þess veikja stöðu innlendra framleiðenda gagnavart erlendum.

MYND/SKJÁSKOT RÚV

Sjálfstæðið brýnt ef önnur stjórn sæti

Í fjármálaráðuneytinu er verið að vinna frumvarp um breytingar á lögum um Seðlabanka Íslands.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra sagði í þættinum Sunnudagsmorgni með Gísli Marteini að ekki væri búið að ákveða hvort bankastjórn Seðlabankans yrði fjölgað úr einum í þrjá. „Neita því ekki, en sagði ekki að það myndi gerast,“ sagði Sigmundur Davíð. Forsætisráðherra sagðist lengi hafa verið ósammála stefnu Seðlabankans, sér í lagi vaxtastefnu hans. Hann sagði að það væri æskilegt að bankinn endurmætti stefnu sína oftar en hann gerði.

„Menn munu ekki hverfa frá sjálfstæði Seðlabanka. Það getur verið æskilegt og mikilvægt, til dæmis ef það væri einhver annars konar ríkisstjórn en núna er. Þá myndum við auðvitað vilja hafa sjálfstæðan Seðlabanka til að passa upp á hana,“ sagði Sigmundur Davíð. Hann sagði jafnframt að mikilvægt væri að Seðlabankinn virkaði sem öryggisventill.

eru frá því að umsóknin var send. Hagar óskuðu um miðjan janúar eftir að fá að flytja inn lífrænan kjúkling án innflutningstolla þar sem innlend framleiðsla annaði ekki eftirspurn. Svar við þeirri

umsókn hefur ekki enn borist. „Ef við fáum neikvætt svar frá yfirvöldum ætlum við að fara með málið til umboðsmanns Alþingis,“ segir Finnur Árnason.

johnanna@frettabladid.is

Kringlunni
Sími 568 7777
heyarnarstodin.is

HEYRNARSTÖÐIN

Blaðamannaverðlaun og ljósmyndaverðlaun ársins 2013 afhent:

Vilhelm og Stígur verðlaunaðir

BLAÐAMENNASKA Blaðamannaverðlaun Íslands og verðlaun Blaðaljósmýndarafélagsins voru afhent í Gerðarsafni á laugardag. Stígur Helgason fór með sigur af hólmi í flokknum Viðtal ársins með viðtali sem hann tók við Maríu Rut Kristinsdóttur og birtist í Fréttablaðinu í júlí.

Þá fékk Vilhelm Gunnarsson, ljósmyndari á Fréttablaðinu, verðlaun fyrir umhverfisljósmýnd ársins, af sildardauða í Kolgrafafirði. Baldur Hrafnkell Jónsson, myndatökumaður á Stöð 2, hlaut svo verðlaun fyrir besta myndskæið fréttatökumanns á ljósvakamiðlum.

Verðlaun fyrir rannsóknarblaðamennsku ársins fengu þeir Jón Bjarki Magnússon og Jóhann Páll Jóhannsson á DV. Verðlaun fyrir umfjöllun ársins hreppti ritstjórn Kastljóss en Bergljót Baldursdóttir



FULLTRÚAR 365 Fréttastofa 365 fékk sex verðlaun og tilnefningar. Á myndinni eru Ólafur P. Stephensen ritstjóri, Baldur Hrafnkell Jónsson myndatökumaður, Vilhelm Gunnarsson ljósmyndari, blaðamennirnir Stígur Helgason, Svavar Hávarðsson og Eva Bjarnadóttir og Mikael Torfason aðalritstjóri.

MYND/ANDRI MARÍNÓ

á RÚV hlaut blaðamannaverðlaun ársins fyrir umfjöllun um heilbrigðismál.

Þá átti Páll Stefánsson mynd ársins 2013. Myndröð ársins tók Kjartan Þorbjörnsson og fréttamynd ársins tók Sigtryggur Ari Jóhannsson

af Karli Vigni Þorsteinssyni. Íþróttamynd ársins tók Árni Torfason af Anítu Hinriksdóttur. Tímaramynd ársins tók Kristinn Magnússon en Kjartan Þorbjörnsson fékk verðlaun fyrir mynd í flokknum Daglegt líf.

-gb

Polar Loop snjallarmband


19.990 kr. stgr.

Kynningarverð: **16.990 kr.**

Mælir hreyfingu, skref, brennslu og svefn allan sólarhringinn. Armbandið er vatnshelt.

15%

kynningarafsláttur fyrir viðskiptavini Nova!



1.000 kr. notkun í 12 mánuði fylgir!

iPhone 5s 16GB

109.990 kr. stgr.

6.690 kr. /18 mán.

Vertu í bandi

Polar Loop og Nike+ FuelBand snjallarmböndin mæla virkni þína yfir daginn og hjálpa þér að ná markmiðum þínum. App fyrir iPhone og forrit í tölvuna fylgir.



1.000 kr. notkun í 6 mánuði fylgir!

Nike+ FuelBand SE

29.990 kr. stgr.

Kynningarverð: **25.490 kr.**

Mælir hreyfingu, skref og brennslu allan sólarhringinn.

15%

kynningarafsláttur fyrir viðskiptavini Nova!

iPhone 5c 16GB

89.990 kr. stgr.

5.490 kr. /18 mán.



Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | Facebook | Twitter

Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkort + 325 kr./mán. greiðslugjald. Símtotkun fylgir 0 kr. Nova í Nova og umframnotkun í Súper Nova, áskrift og frelsi. Sjá, verðskrá á nova.is.

SVONA ERUM VIÐ



1993 til 2005
veiddi íslenski flotinn aldrei minna en 500.000 tonn af loðnu á vertíð.

Aflinn fór oft yfir milljón tonn; mest 1,3 milljónir tonna 1997.

Árin 2006 til 2013 fór aflinn niður í 14.000 tonn en var mestur rúm 500.000 tonn. 27.000 tonn hafa veistið á yfirstandandi vertíð.

Sveitarstjóri Mýrdalshrepps fagnar áformum ferðapjónustuaðila um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis: Ný raðhús reist í Vík eftir fjögur ár í lægð

SKIPULAGSMÁL Sveitarstjórn Mýrdalshrepps hefur samþykkt umsókn um lóðaúthlutun undir tvö raðhús með samtals tíu íbúðum í Vík í Mýrdal.

Áð umsókninni standa þrjár ferðapjónustuaðilar í Mýrdalnum en þrátt fyrir mikla uppbyggingu í ferðapjónustu síðustu ár hefur íbúðarhúsnæði vantað á svæðinu.

„Á síðustu árum er búið að margfalda hótélrymi á svæðinu og heilmikið verið að gera í ferðapjónustu. Síðan ég kom hingað

fyrir fjórum árum er hins vegar bara búið að byggja tvö íbúðarhús. Þetta er því frábær viðbót fyrir okkur,“ segir Ásgeir Magnússon, sveitarstjóri Mýrdalshrepps. Undir þetta tekur Sigurður Elías Guðmundsson, einn ferðapjónustuaðilanna sem standa að byggingu íbúðanna.

„Það sem hefur verið hamlandi fyrir vöxt samfélagsins hér er gríðarlegur skortur á fasteignum. Það er auðvitað hagur okkar ferðapjónustuaðila og allra hér á



„Þetta er frábær viðbót fyrir okkur.“

Ásgeir Magnússon, sveitarstjóri Mýrdalshrepps



ÍBÚABYGGÐ Mikil uppbygging hefur átt sér stað í Vík en skortur hefur verið á íbúðarhúsnæði.



EFSTU TVÆR Líf bauð sig fram í annað sæti eftir einvígð við Sólveigu og hlaut kjör. MYND/PORBJÖRN ÞÓRÐARSON

Barist um efsta sæti á lista: Sólveig sigraði í seinni umferð

REYKJAVÍK Sólveig Tómasdóttir oddviti hlaut naumlega fyrsta sæti á framboðslista Vinstri grænna í Reykjavík en kjósa þurfti á ný milli hennar og Lífar Magneudóttur. Kjörð fór fram á laugardag. Sólveig og Líf sóttust báðar eftir fyrsta sæti listans ásamt Grími Atlasyni. Fór svo að í fyrri umferð hlaut Sólveig 150 atkvæði, Líf 132 og Grímur 82. Kosid var aftur á milli Sólveigar og Lífar þar sem enginn framboðandi fékk meirihluta. Hlaut Sólveig þá 153 atkvæði en Líf 152.

Flokksval Samfylkingarinnar: Gunnar Axel leiðir listann

HAFNARFJÖRÐUR Gunnar Axel Axelsson bæjarfulltrúi hlaut fyrsta sætið í flokksvali Samfylkingarinnar í Hafnarfirði um helgina. Úrslit lágu fyrir á ellefta tímanum á laugardagskvöld. Í tilkynningu kjörnefndar kemur fram að rúmlega 900 manns hafi tekið þátt í flokksvalinu sem gerir um 33 prósent kjörsókn. Annað sætið hlaut Margrét Gauja Magnúsdóttir bæjarfulltrúi en bæði Margrét og Gunnar sóttust eftir fyrsta sæti í flokksvalinu. Hlaut Gunnar samtals 400 atkvæði í fyrsta sætið en Margrét 345 atkvæði í 1.-2. sæti.

Fleiri koma á Laugaveginum þegar lokað er fyrir bílana

Fleiri koma á Laugaveginum þegar lokað er fyrir bílaumferð á sumrin. Fólk staldrar við, kíkir í búðarglugga, spjallar saman eða tyllir sér og horfir á mannlífið. Samtök kaupmanna eru mjög á móti lokun götunnar.

BORGARMÁL Fleira fólk kemur á Laugaveginum þegar gatan er lokað fyrir bílaumferð á sumrin en þegar aka má götuna hindrunarlaust á öðrum árstímum. Þetta kemur fram í vettvangskonun sem Páll J. Línadal gerði.

Borgaryfirvöld lokuðu hluta Laugavegar og Skólavörðustígs síðastliðið sumar líkt og árin á undan og mótmæltu nokkrir kaupmenn harðlega.

„Við erum ekki alfarið á móti lokun Laugavegar og Skólavörðustígs en teljum að það verði að vera á forsendum verslunarinnar,“ segir Björn Jón Bragason, framkvæmdastjóri Samtaka kaupmanna og fasteignaeigenda við Laugaveg, en samtökin tala máli hluta kaupmanna við Laugavegin.

Björn Jón segir að það mætti til að mynda loka Laugaveginum ef hiti fer yfir 15 gráður og loka þá allri götunni fyrir bílaumferð.

Enginn komi á Laugaveginum í votvæðri því að engum finnst gaman að spóka sig í rigningu. Verslun dragist því verulega saman þegar veður er leiðinlegt og fólk megi ekki aka göturnar.


Samkvæmt vettvangskonun Páls J. fækkaði gangandi vegfarendum á Laugavegi um 16 prósent þegar opnað var fyrir umferð bíla í ágúst.

Efsti hluti götunnar er frekar talinn umferðarsvæði en eftir því sem neðar dregur finnst fólk gatan fýsilegri kostur sem dvalarstaður til lengri eða skemmri tíma.

Könnunin leiðir líka í ljós að

SUMARLOKANIR HAFNA ÁHRIF Á HEGÐUN

Fólkið á Laugaveginum hagar sér öðru vísi þegar lokað er fyrir bílaumferð og staldrar lengur við



FLOKKAR ATFERLIS Á LAUGAVEGI (Vatnsstígur-Ingólfsstræti) þegar lokað og opið er fyrir bílaumferð og leiðrétt hefur verið fyrir mun í fjölda gangandi vegfarenda.

flestir, eða um það bil þriðjungur, stoppa á Laugavegi og Skólavörðustíg vegna þess að þeir eru í verslunarhugleiðingum. Um fjórðungur þeirra sem heimsækja götunnar stansar til að spjalla. Tíu til fimmtán prósent stoppa til að skoða umhverfi og mannlíf og

álíka margir koma vegna þess að þeir eiga persónulegt erindi.

Björn Jón segir að það sé einkum eldra fólk sem komi ekki á Laugaveginum þegar lokað er fyrir umferð.

„Það er ein gleraugnaverslun á Laugaveginum þar sem fólk

er afgreitt eftir kennitölum. Það kemur greinilega í ljós að eldra fólkið kemur ekki í búðina þegar gatan er lokað. Þetta veldur líka vandræðum í verslunum sem selja stærri hluti þegar menn geta ekki lagt beint fyrir utan búðina,“ segir Björn Jón.

johanna@frettabladid.is

LYSI HEILSU TVENNA
Nýtt útlit á nýju ári
Omega-3, vítamín og steinefni í einum pakka
www.lysi.is

Veðurspá
Gildistími korta er um hádegi

BETRA VEÐUR NORÐANLANDS en sunnan til næstu daga því á morgun hversir sunnanlands og þykkar upp með eljum með suðurströndinni en norðan heiða veður hins vegar bjart og fremur hægur vindur næstu daga.

Á morgun Strekkingur eða allhvasst með suðurströndinni annars hægar vindur.

Miðvikudagur Strekkingur eða hvasviðri S- og V-lands. Stormur allra syðst.

Ingibjörg Karlsdóttir veðurfréttamaður

Alicante 16°	Berlín 9°	Friedrichshafen 9°	Las Palmas 20°	New York 0°	París 12°
Apbena 20°	Billund 7°	Gautaborg 5°	London 12°	Orlando 24°	San Francisco 15°
Basel 12°	Frankfurt 10°	Kaupmannahöfn 5°	Mallorca 17°	Ósló 2°	Stokkhólmur 3°

NOTAÐIR BÍLAR

MIKIÐ ÚRVAL

Gerðu betri bílakaup!

Komdu!
GÓÐIR AFSLÁTTIR

og **80% FJÁRMÖGNUN**
Á VÖLDUM BÍLUM*



► **Verð: 2.690.000 kr.**
Ford Escape Limited AWD RZE50
Skráður sept. 2008, 3,0Di bensín, sjálfsk.
Ekinn 79.000 km.



GÓÐUR AFSLÁTTUR!
► **Tilboð: 990.000 kr.**
Ford Focus Ghia Wagon YJ899
Skráður apríl 2006, 1,6i bensín, beinsk.
Ekinn 166.000 km.
Ásett verð: 1.090.000 kr.



GÓÐUR AFSLÁTTUR!
► **Tilboð: 1.790.000 kr.**
Hyundai i20 Classic LV851
Skráður ágúst 2011, 1,4i bensín, beinsk.
Ekinn 42.000 km.
Ásett verð: 1.940.000 kr.



GÓÐUR AFSLÁTTUR!
► **Tilboð: 2.590.000 kr.**
Citroën C4 Comfort SNZ90
Skráður mars 2013, 1,6Di dísil, beinsk.
Ekinn 29.000 km.
Ásett verð: 2.790.000 kr.



GÓÐUR AFSLÁTTUR!
► **Tilboð: 2.640.000 kr.**
Ford Focus Trend ZER40
Skráður mars 2013, 1,0i bensín, beinsk.
Ekinn 39.000 km.
Ásett verð: 2.890.000 kr. *fábyrgð*

FINNDU BÍLINN PINN Á
NOTADIR.BRIMBORG.IS
TÖKUM ALLAR GERDIR BÍLA UPPÍ!



GÓÐUR AFSLÁTTUR!
► **Tilboð: 1.990.000 kr.**
Citroën C3 Seduction ZPY30
Skráður maí 2013, 1,6Di dísil, beinsk.
Ekinn 33.000 km.
Ásett verð: 2.190.000 kr. *fábyrgð*



GÓÐUR AFSLÁTTUR!
► **Tilboð: 2.490.000 kr.**
Ford Edge SEL Plus AWD SIS80
Skráður ágúst 2007, 3,5i bensín, sjálfsk.
Ekinn 133.000 km.
Ásett verð: 2.790.000 kr.



GÓÐUR AFSLÁTTUR!
► **Tilboð: 1.540.000 kr.**
Hyundai i30 Classic TOH76
Skráður júní 2008, 1,6i bensín, beinsk.
Ekinn 95.000 km.
Ásett verð: 1.690.000 kr.



GÓÐUR AFSLÁTTUR!
► **Tilboð: 1.390.000 kr.**
Skoda Octavia Ambiente LI505
Skráður apríl 2007, 1,9TDi dísil, sjálfsk.
Ekinn 215.000 km.
Ásett verð: 1.590.000 kr.



GÓÐUR AFSLÁTTUR!
► **Tilboð: 2.990.000 kr.**
Ford Focus Trend Edition ONK73
Skráður apríl 2013, 1,6TDCi dísil, beinsk.
Ekinn 21.000 km.
Ásett verð: 3.290.000 kr. *fábyrgð*

BÍLADÍLL DAGSINS!
Hafðu samband strax!



GÓÐUR AFSLÁTTUR!
► **Verð: 4.190.000 kr.**
Mazda6 Vision ARF14
Skráður maí 2013, 2,0i bensín, sjálfsk.
Ekinn 22.000 km. *fábyrgð*



GÓÐUR AFSLÁTTUR!
► **Tilboð: 990.000 kr.**
Nissan Primera Acenta VE638
Skráður okt. 2005, 1,8i bensín, sjálfsk.
Ekinn 115.000 km.
Ásett verð: 1.290.000 kr.



GÓÐUR AFSLÁTTUR!
► **Tilboð: 1.990.000 kr.**
Citroën C8 SX DAL57
Skráður júní 2008, 2,0i bensín, sjálfsk.
Ekinn 76.000 km.
Ásett verð: 2.290.000 kr.




GÓÐUR AFSLÁTTUR!
► **Tilboð: 1.940.000 kr.**
Ford Fiesta Trend MUE42
Skráður maí 2013, 1,0i bensín, beinsk.
Ekinn 32.000 km.
Ásett verð: 2.090.000 kr. *fábyrgð*



GÓÐUR AFSLÁTTUR!
► **Tilboð: 2.630.000 kr.**
Mazda3 Advance VYL56
Skráður mars 2013, 1,6TDi dísil, beinsk.
Ekinn 25.000 km. *fábyrgð*

Fylgstu með á
FACEBOOK



Notaðir bílar
- Brimborg

Tilboðsbílar fara
beint á Facebook!

ÞARFTU 100% FJÁRMÖGNUN?

HAFDU SAMBAND VÍÐ RÁÐGJAFA OG
FÁÐU UPPLÝSINGAR UM HVAD ER Í BODI.

VÍÐ TÖKUM ALLAR TEGUNDIR BÍLA UPPÍ

Við tökum notaða bílinn
pinn uppi á hagstæðu verði.
Sýndu okkur bílinn pinn
og við gerum þér tilboð í
milligjöf. Engin skuldbinding.

Skoðaðu úrvalið á
NOTADIR.BRIMBORG.IS

Söluheildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

50 ár í bilgræininni

brimborg

Öruggur staður til að vera á

*Kaskótrygging er forsenda fyrir fjármögnun ásamt því að lántaki standist lánsþæfis- eða greiðslumat.

VEISTU SVARID?



1. Með aðalhlutverk í hvaða sjónvarpsþáttaröð fara Kevin Spacey og Robin Wright?
2. Hvar í heiminum hófst í vikunni fjórða eldgosið á örfáum mánuðum?
3. Hvað voru drengirnir tveir sem stóðu að baki fálaskri sprengjuhótun hjá WOW air gamlir?

SVÖR

1. House of cards 2. Indónesíu 3. Þrettán ára

Bandarískir andstæðingar hjónabanda samkynhneigðra eiga í vök að verjast:

Vilja nú breyta stjórnarskránni

BANDARÍKIN, AP Í Bandaríkjunum er andstæðingum hjónabanda samkynhneigðra hætt að lítast á blikuna, eftir að vígi þeirra hafa fallið í hverju ríkinu á fætur öðru.

Nú berjast þeir fyrir því að stjórnarskrá Bandaríkjanna verði breytt, þannig að í nýjum viðauka verði hjónaband skilgreint þannig að það geti einungis verið milli eins karls og einnar konu.

Roy Moore, yfirdómari hæstaréttar Alabamaríkis, hvetur alla ríkisstjóra í Bandaríkjunum til að

styðja slíka stjórnarskrárbreytingu.

Þá hafa þingmenn Repúblikanaflokksins á ríkisþinginu í Missouri kært Jay Nixon ríkisstjóra til embættismönnum sínum að fallast á sameiginleg skattframtöl samkynhneigðra para sem hafa gengið í hjónaband í öðrum ríkjum Bandaríkjanna.

Einnig hefur víða verið reynt að ná því fram að fyrirtæki geti neitað að þjónusta samkynhneigð hjón af trúarlegum ástæðum.



ROY MOORE Á KOSNINGAFUNDI Einkum þekktur fyrir baráttu sína fyrir því að kristileg stytta fái að standa í dómshúsi í Alabama.

Fimmtán ný influensutilfelli: Inflúensa sækir ört í sig veðrið

HEILBRIGÐISMÁL Fjöldi þeirra sem greinast með influensu fer nú vaxandi. Inflúensa var staðfest hjá 15 einstaklingum í síðustu viku, að því er segir á vef landlæknis.

Alls hafa 35 greinst með influensu undanfarnar vikur. Veikin er seinna á ferð miðað við þrjá síðustu vetur.

Þeir sem greinst hafa með influensu í vetur eru allt frá því að vera á fyrsta ári til 88 ára og búa flestir á suðvesturhorni landsins.

Fjáröflunarátak Barnaheilla: Borðað úti til bjargar börnum

MANNRÉTTINDI Fjáröflunarátakið Út að borða fyrir börnin hófst um helgina og stendur yfir til 15. mars. Átakið felst í því að andvirði, eða hluti andvirðis, ákveðinna rétta hjá þeim veitingastöðum sem taka þátt rennur til samtakanna Barnaheilla – Save the Children á Íslandi.

Í ár taka 22 veitingastaðir þátt í atakinu. Á vefsíðu Barnaheilla má sjá hvaða staðir taka þátt og með hvaða hætti.

„Við erum afskaplega ánægð með þessa frábæru veitingastaði sem styðja mannréttindi barna með þessum hætti,“ segir Erna Reynisdóttir, framkvæmdastjóri samtakanna í tilkynningu.



Í HLÍÐARFJALLI Margir nýttu tækifærið og sóttu brekkurnar um helgina.

FRÉTTABLAÐIÐ/EGIR

Gott skíðafæri víða um land: Flestar brekkur opnar í gær

ÚTIVIST Þrýðilegt skíðafæri hefur verið víða um land undanfarna daga og voru flest skíðasvæði opin í gær. Í Hlíðarfjalli var opið frá 10 til 16 og veður frábært samkvæmt tilkynningu. Sömuleiðis var opið til 16 í Tindastól og þar sagður mikill og góður snjór.

Skíðafæri var misjafnt við höfuðborgarsvæðið, opið var í Skálafelli þó kalt væri en lokað í Bláfjöllum vegna roks.

Þá var opið í Tungudal og Seljalandsdal og boðið upp á kaffi og safa við lyftur líkt og aðra sunnudaga.

-bá

Fyrirtækjum á Grundartanga fjölgi með nýju spennivirki

Landsnet tekur nýtt spennivirki á Grundartanga í notkun á þriðjudag. Fyrirtæki sem vilja framleiða kísil, lífdísil og viðarkubba hafa sóst eftir lóðum á svæðinu og Faxaflóahafnir hafa fengið fleiri fyrirspurnir.

ÍDNADUR Nýtt spennivirki Landsnets á Grundartanga eykur líkur á að fyrirtækjum á svæðinu fjölgi. Þetta segir Gísli Gíslason, hafnarstjóri Faxaflóahafna.

Fyrirtækið hefur að undanförunni fengið þó nokkrar fyrirspurnir um lóðir á Grundartanga en þær eru í eigu Faxaflóahafna.


Fréttablaðið greindi í síðustu viku frá því að bandaríska fyrirtækið Silicor Materials hefði

óskað eftir lóð á svæðinu undir sólarkísilverksmiðju sem gæti framleitt um sextán þúsund tonn af kísil á ári.

„Það mál er lengra komið en önnur sem eru annaðhvort í biðstöðu eða á frumstigi. Þar er um að ræða bæði innlenda og erlenda aðila sem vilja annaðhvort hefja sína eigin framleiðslu eða veita fyrirtækjum á svæðinu þjónustu. Ég á alveg eins von á því að áhugi fyrir svæðinu eigi eftir að aukast enn frekar með hækkandi sól og batnandi efnahagsástandi.“

Gísli vill ekki fara nánar út í þær fyrirspurnir sem enn eru á frumstigi en tvær umsóknir eru í biðstöðu. Þar er annars vegar um að ræða umsókn félagsins Quantum ehf., sem er í eigu innlendra aðila, um lóð undir þurrkun á timbri og framleiðslu á viðarkubbum. Hin umsóknin er frá öðru félagi í eigu innlendra aðila, Atlantic Green Energy, en forsvarsmenn þess vilja framleiða lífdísil á svæðinu.

„Við fáum líka fyrirspurnir sem



ATHAFNASVÆÐIÐ Um 870 manns starfa hjá þeim tíu fyrirtækjum sem nú eru á Grundartanga.

við teljum ekki tækar inn á svæðið og í haust settum við umsókn fyrirtækis sem óskaði eftir aðstöðu til niðurrifs á skipum í biðflokk.“

Faxaflóahafnir eiga nú í viðræðum við sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar um breytingar á aðalskipulagi svæðisins.

„Við létum gera umhverfisúttekt á Grundartangasvæðinu í maí í fyrra og höfum lagt það til við sveitarstjórnina að breytt aðalskipulag taki mið af þeirri úttekt.“

Ný starfsemi sem fylgdi losun á brennisteinsdíoxíði eða flúor væri því ekki valkostur á Grundartanga

og undir það myndi til dæmis falla kísilbræðsla,“ segir Gísli.

haraldur@frettabladid.is

Nýtir betur núverandi flutningslínur

Nýja spennivirkið er norðvestan við lóð Norðuráls á Grundartanga og er hugsað sem fyrsti áfangi í endurskipulagningu orkuafhendingar á svæðinu. Framkvæmdir hófust fyrir tveimur árum, þær hafa kostað um tvo milljarða króna og virkið verður formlega tekið í notkun næstkomandi þriðjudag. Virkið gerir Landsneti kleift að nýta betur núverandi flutningslínur, bæta spennustýringu og eykur flutningsgetu rafmagns inn á svæðið.

weber

Hágæða flísalím og fúga

DEITERMANN
TECHNOLOGY INSIDE

Weber.xerm.
850 BlueCom-
fort C2TE
kr. **2.790**



Weber.xerm.
BlueComfort
852 C2TE S1
kr. **3.990**



Weber.xerm.
BlueComfort
CE/TE S1
Xtra Flex
kr. **5.290**



Weber.Fug 870
Fúga 1-6 mm
CG1 5 kg
kr. **1.690**



Weber.Fug 880
Silicone
EC.1. plus
310 ml.
kr. **1.190**



Weber.tec 822 Rakakvoða
8 kg kr. **7.890**
24 kg kr. **19.990**

MÚRBÚÐARVERÐ

Látið fagmenn vinna verkin!

Reykjavík	Kletthálsi 7.	Opið má-fö kl. 8-18, laug. 10-16
Reykjanesbær	Fuglavík 18.	Opið má-fö kl. 8-18



MÚRBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

STOFN ENDUR- GREIÐSLA

Nú er gaman að vera hjá Sjóvá, því þessa dagana fá 21.288 tjónlausar og skilvísar fjölskyldur í vildarþjónustunni Stofni endurgreiddan hluta af iðgjöldum síðasta árs. Við erum stolt af því að vera eina tryggingafélagið sem umbunar viðskiptavinum sínum á þennan hátt.

Þú innleysir endurgreiðsluna á **Mínum síðum** á sjova.is



AF ÞVÍ AÐ LÍFIÐ ER SKEMMTILEGT

ÞESS VEGNA ERTU HJÁ SJÓVÁ

SJÓVÁ

STOFN



Námumenn lokuðust inni: Sumir vildu ekki fara út

SUDUR-AFRÍKA Tugum námuverkamanna var í gær bjargað út úr námu í úthverfi Jóhannesarborgar, en óttast var að meira en 200 aðrir væru fastir inni í námugöngunum.

Námumennirnir fóru í óleyfi niður í námurnar, sem voru ekki lengur í notkun, og vildu sumir ekki koma út af ótta við að verða handteknir.

Námugöngin lokuðust þegar hnullungar hrundu niður úr lofti þeirra. Ekki er vitað til þess að neinn hafi slasast.

-gb

Rannsókn á þýskum þingmanni vegna barnakláms varð til þess að ráðherra sagði af sér:

Þýska samsteypustjórnin komin í vanda

ÞÝSKALAND Mál þýska þingmannsins Sebastians Edathy, sem grunaður er um að hafa haft barnaklám í fórum sínum, hefur orðið til þess að skapa vantraust milli flokka þýsku samsteypustjórnarinnar.

Einn ráðherra, Hans-Peter Friedrich, hefur þegar sagt af sér vegna málsins. Hann var innanríkisráðherra í október og fékk þá upplýsingar frá lögreglu um að Edathy sætti rannsókn.

Friedrich, sem er úr Kristilega sambandsflokki, systurflokk Kristilega demókrataflokksins, upplýsti leiðtoga Sósíaldómkrataflokksins fljótlega um málið í trúnaði, en grunur leikur á að upplýsingar hafi lekið frá þeim til

Edathys sjálfs, sem hafi þannig fengið tækifæri til að gera ráðstafanir til að verjast rannsókn lögreglu.

Kröfur hafa því skotið upp kollinum um að Sigmar Gabriel, sem er bæði efnahagsráðherra og leiðtogi Sósíaldemókrataflokksins, segi einnig af sér og jafnvel þeir Frank-Walter Steinmeier utanríkisráðherra og Thomas Oppenheim þingflokksformaður sömuleiðis.

Edathy sagði af sér þingmennsku þann 7. febrúar en neitar öllum ásökunum um að hafa haft barnaklám í fórum sínum. Hann virðist hins vegar hafa vitað af rannsókn lögreglunnar í síðasta lagi í lok nóvember.

-gb



SIGMAR GABRIEL OG ANGELA MERKEL
Leiðtogar þýsku stjórnarflokka eru strax lentir í erfiðum málum þótt stjórnin hafi ekki setið nema í tvo mánuði.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



HAGSPÁ KOMIN UPP ÚR HJÓLFÖRUNUM

Arion banki býður til morgunverðarfundar. Fundurinn verður haldinn miðvikudaginn 19. febrúar í höfuðstöðvum Arion banka, Borgartúni 19.

DAGSKRÁ

08.15 Léttar veitingar og kaffi

08.30 Höskuldur H. Ólafsson setur fundinn

Efnahagshorfur 2014–2016

Við erum hætt að spóla

Regína Bjarnadóttir, forstöðumaður greiningardeildar Arion banka

Nýju fötin krónunnar

Hafsteinn G. Hauksson, greiningardeild Arion banka

Hvert fara krónurnar?

Hrafn Steinarsson, greiningardeild Arion banka

09.30 Fundarlok

Fundarstjóri Halldór Bjarkar

Lúðvígsson, framkvæmdastjóri

Fjárfestingarbankasviðs Arion banka

► **Skráning á arionbanki.is**

 Arion banki



RÚSTIR EINAR Trésmiðja Akraness gjöreyðilagðist í eldi að kvöldi 18. september í fyrra.

MYND/SKESSUHORN

Minnsta tjón í eldi í rúma tvo áratugi

Íslensk tryggingarfélag bættu eignatjón að andvirði 1,3 milljarða króna vegna eldsvoða á síðasta ári. Einn lét lífið. Mann- og eignatjón af völdum eldsvoða er minna hér á landi en annars staðar á Norðurlöndum.

SLYS Eignatjón á mannvirkjum sem tryggingarfélagin bættu árið 2013 vegna eldsvoða var tæpir 1,3 milljarðar króna. Það er minnsta tjón í rúma tvo áratugi. Einn lét lífið í eldsvoða árið 2013.

Þetta sýna bráðabirgðatölur Mannvirkjastofnunar um mann- og eignatjón í eldsvoðum 2013.

Björn Karlsson, forstjóri Mannvirkjastofnunar, segir að vissulega sé um eftirtektarverðar niðurstöður að ræða og í fyrra hafi eignatjón verið með því lægra sem sést hefur. Hins vegar, eðli málsins samkvæmt, geti tölfræði sem þessi verið mjög ólík á milli ára. Björn segir að stofnunin hafi ekki ráðist í greiningu á mismunandi eignatjóni af völdum eldsvoða á milli ára en hitt sé vitað að eignatjón hér á landi sé töluvert minna en annars staðar á Norðurlöndunum, ef horft er til tölfræði á hverja 100 þúsund íbúa. Hið sama eigi við þegar manntjón af völdum eldsvoða er skoðað með sama hætti.

„Fyrir þessu geta verið nokkrar ástæður, tel ég. Húsin okkar eru úr steinsteypu, ólíkt því sem víða gerist. Við erum lítið samfélag og lítum kannski frekar til hvert með öðru. Eins held ég að brunavarnir séu hér kannski eitt-hvað betri, auk þess sem slökkviliðin í landinu virðast standa sig vel,“ segir Björn.

Guðmundur Gunnarsson, yfirverkfræðingur hjá Mannvirkjastofnun, fjallaði um niðurstöð-



Við erum lítið samfélag og lítum kannski frekar til hvert með öðru.

Björn Karlsson, forstjóri Mannvirkjastofnunar

urnar á fundi í Brunatæknifélagi Íslands 29. janúar. Þar kom fram að þetta er minnsta tjón sem orðið hefur frá árinu 1993 og er 774 milljónum undir meðaltali árunna 1981–2013. Einn fórst í brunu á árinu 2013 sem einnig er undir meðaltali síðastliðinna ára sem er 1,87 á ári eða 0,68 á hverja 100 þúsund íbúa. Á tímabilinu 1979 til 2013 hafa 62 farist í brunum á Íslandi; 49 karlar og 13 konur.

Guðmundur vék að því að eitt stórtjón hefði orðið vegna elds á árinu 2013, en þá kom upp eldur í bátum Magnúsi SH frá Rífi í slipp Skipasmíðastöðvar Þorgeirs og Ellerts á Akranesi. Tjón er metið sem stórtjón ef það nær 15% af meðaltjóni árunna á undan.

Þess má geta að í ársskýrslu Mannvirkjastofnunar fyrir árið 2011 kemur fram að bætt brunatjón tryggingarfélaganna frá 1981 til 2011 nam 59 milljörðum króna.

svavar@frettabladid.is

SIEMENS

Nýjung sem verndar útifatarfatnað

Cintamani-gjafabréf að verðmæti 20.000 kr. fylgir nú með Siemens þvottavélum með sérkerfinu Útifatnaður.

www.sminor.is

Siemens leggur mikla áherslu á nýsköpun í starfi sínu og nú hefur fyrirtækið þróað nýtt **útifatnaðarkerfi** fyrir þvottavélar sínar. Þetta nýja kerfi verndar útifatnað svo að öndunar- og vatnsfráhrindandi eiginleikar hans haldi sér betur.

Það getur sannarlega borgað sig að hugsa vel um útifatnaðinn. Hvort sem menn stunda fjallgöngur, hjólreiðar, hlaup eða finnst einfaldlega gaman að vera úti í rigningunni að drullumalla hentar sérkerfið Útifatnaður vel.

Nokkrar gerðir af glæsilegum þvottavélum með þessu sérkerfi. Hafðu samband við sölumenn okkar og fáðu frekari upplýsingar. Einnig er hægt að fá upplýsingar á heimasíðunni: www.sminor.is/utifatnadur.html.

Gildir til og með 28. febrúar eða á meðan birgðir endast.



SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

24 ÁRA



STARFSAFMÆLI SEM FISKSAÐI

ALLUR FISKUR ÚR FISKBORÐI

1.590

kr/kg

LAXAFLÖK
ÞORSKHNAKKAR
BLEIKJUFLÖK
RAUÐSPRETTUFLÖK
GELLUR
KEILUSTEIKUR
LÖNGUSTEIKUR
SALTFISKUR
ÝSUFLÖK
OG ALLIR FISKRETTIR

NÝ VERSLUN
HÖFÐABAKKI 1

VERIÐ
VELKOMIN

TILBOÐIÐ GILDIR ALLA VIKUNA

Fiskikóngurinn

www.fiskikongurinn.is

Sogavegi 3
Höfðabakka 1



FAGNAÐ Í JARÐARFÖR Félagar í uppreisnarher Kachin-manna í Búrma skemmta sér hið besta við söng og drykkju í jarðarför eins félaga síns. Myndina tók Julius Schrank.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Erlendar fréttaljósmyndir síðasta árs:

Bestu myndir valdar

HOLLAND, AP Ljósmynd eftir bandaríska ljósmyndarann John Stanmeyer af innflytjendum í tunglsljósi var valin besta fréttaljósmynd ársins 2013 í hinni árlegu ljósmyndakeppni World Press Photo. Myndina má sjá hér að ofan.

Þetta var niðurstaða 19 manna

dómnefndar sem kynnti úrslit keppinnar á föstudaginn. Alls sendu ljósmyndarar víðs vegar að úr heiminum nærri 100 þúsund ljósmyndir í keppnina.

Verðlaun voru veitt í 18 flokkum og alls fengu 53 ljósmyndarar verðlaun.

-gb



BEIÐIÐ EFTIR SAMBANDI Innflytjendur í Djíbútí rétta upp síma sína í von um að ná ódýrri tengingu frá nágrennalandinu Sómalíu til að geta rætt við ættingja sína. Verðlaunamyndina tók John Stanmeyer.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Vorsprung durch Technik **Audi** 

Audi Q5. Notadrjúgur og glæsilegur.

Fullkomlega samstillt hönnun.



